

REGLUR

ríkisskattstjóra um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2021.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2021 eru settar skv. 118. gr. nr. 90/2003, um tekjuskatt, sbr. og 2. tölul. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963, um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila sem færa ber á rekstrarreikning fyrir tekjuárið 2021.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrartekna. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum, afurða gróðurstöðva, fuglabúa o.s.frv. og sjávarafla og afla eldisstöðva. Séu afurðir, sem teknar eru eða afhentar til heimanota, ekki tilgreindar hér á eftir skal meta þær á sama verði og fyrir þær fæst við sölu til óskylds aðila. Séu afurðir þessar afhentar á lægra verði en í skattmatinu greinir skal mismunur á því verði og matsverðinu talinn til rekstrartekna hjá búinu. Sláturkostnaður vegna búsafurða til heimanota heimilast ekki til frádráttar rekstrartekjum.

Skattmat á heimaafnotum búsafurða o.fl. vegna tekjuársins 2021 er sem hér segir:

<i>Tegund</i>	<i>Krónur</i>	<i>Eining</i>
Mjólk	97	pr. lítra
Egg	513	pr. kg
Kartöflur	115	pr. kg
Rófur	161	pr. kg
Gulrætur	352	pr. kg
Lambakjöt	448	pr. kg
Kjöt af veturgömlu fé	159	pr. kg
Annað kjöt af sauðfé	110	pr. kg
Ungnautakjöt	599	pr. kg
Annað kjöt af nautgripum	405	pr. kg
Folaldakjöt	314	pr. kg
Annað kjöt af hrossum	116	pr. kg
Grísakjöt	442	pr. kg
Annað svínakjöt	220	pr. kg
Kjúklingar	387	pr. kg
Annað fuglakjöt	634	pr. kg
Lax og silungur	719	pr. kg
Annar fiskur	332	pr. kg

Reykjavík, 4. desember 2020.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.